



Neytendavaktin: veitingahús á Íslandi

Fólk Fréttir

3. nóvember, 2018 - 09:27

Kann að meta 0 Deil Tweet



Auglýsing

Ég tók út nokkur veitinga- og kaffihús á Íslandi. Í stuttu máli hafa allir staðirnir sprenglæglega galla á sama tíma og þeir hafa allir frábera kosti. Gaman væri að heyra hvort lesendur átta sig á hvaða staðir þetta eru.

1. Fyrsti veitingastaðurinn sem ég heimsótti er í eigu hjóna sem stunda keramik af mikilli ástríðu og er almennt agalega flinkt í höndunum. Diskar, bollar, stólar og borð staðarins eru handgerð af eigendunum. Viðskiptavinurinn finnur að bollinn sem hann drekkur úr var sannarlega unnin af ást.

En þar er enginn til að afgreiða, þjónustustúlkan situr inn í eldhúsi og bíður eftir að heyra „HALLÓ!“ í viðskiptavininum. Þá kostar súpa dagsins hálfu hendina og það er ekki innifalið að fá súpuna á borðið. Þú verður að ná í hana sjálfur.

2. Annar veitingastaður er í litlu þorpi úti á landi. Hann er svona kaupfélags veitingastaður. Ég á við að þar getur þú pantað allt sem þú munt nokkurn tíman geta ímyndað þér að hægt sé að leggja sér til munnis og þú munt þar af leiðandi aldrei þurfa að fara neitt annað.

Auglýsing

Hversdagslegur hamborgari og franskar í hádeginu með vinnufélögnum? Þetta er staðurinn. Eigjið þið tuttugu ára brúðkaupsafmæli og viljið fá folaldasteik og rauðvín í skjóli nætur? Farðu á þennan stað vegna þess að á kvöldin er hvítum dúkum hent á borðin, ljósin dimmuð og steikurnar dregnar fram. Þið munuð ekki sjá nein ummerki um menningarsnaudu hamborgaraæturnar sem trúðu í sig frönskum á ykkar borði nokkrum klukkustundum áður. Ertu ungur og vitlaus? Ekkert mál, þegar klukkan slær tíu er kveikt á diskóklúnni og borðum og stólum er ýtt til hliðar fyrir sull og gleði.

Gæðin á matnum eru hins vegar ekki alltaf til að hrópa húrra fyrir og kaffið sem staðurinn kennir sig við er ódrekandi.

3. Þriðji staðurinn er fínt bakarí sem er líka að reyna að vera kaffihús. Þetta tiltekna kaffihús er landsfrægt fyrir flottustu kökurnar.

Það er hins vegar ekki í boði að skola bakkelsinu niður nema með einni tegund af tei, Melrose úr Bónus. Þér boðið að dýfa tepokanum í hálfullt (eða hálfóttm) pappamál af moðvolgu vatni.

4. Fjórdi staðurinn er ódýr og býður upp á afgreiðslu á núll einni vegna þess að það er alltaf bara einn réttur í boði. Kokkurinn, sem er líka eigandi staðarins er því með allt tilbúið þegar þú mætir þangað í hádeginu.

Skilvirkini eigandans kemur þó niður á snyrtimennskunni. Hann mætir galvaskur að afgreiðslukassanum, nýbúinn að hræra í brúnu sósnunni og er þá enn í óhræina netabolnum, sem rímar svo ljómandi vel við matseðil vikunnar.

Skilvirkin kemur einnig fram í því að plássíð er nýtt til hins ítrasta með því að í matsalnum er ekki gert ráð fyrir að þangað komi bæði pör, fjölskyldur og vinahópar. Þar eru einfaldlega stór langborð. Þetta gerir það að verkum að þú getur ekki búið við að sitja þar í rómantískum erindagjörðum. Fyrirvaralaust sest hjá ykkur annað hvort grófumáður eða bankastarfsmaður, byrjar að skófla upp í sig rétti dagsins og bindur þannig snöggan enda á allt tilfíningalíf.

Auglýsing

Kann að meta 0 Deil Tweet

TÖGG kaffihús matur veitingastaðir

Tengt efni



FÓLK

Hollur jarðarberja og banana morgunverðar smoothie



MATUR

Uppáhalds sósan fyrir pastaréttinn



MATUR

Ostakaka með snickers og karamellusósu

Annað áhugavert efni



FÓLK

Hollur jarðarberja og banana morgunverðar smoothie



FÓLK

16 ára drengur hótaði fólk með eggvopni



FÓLK

Nýtt lag frá Hildi og Cell7



FÓLK

Maður handtekinn eftir að hafa stolið bát í Kópavogshöfn



FÓLK

Patti, Binni Glee og Bassi Maraj koma okkur í Þjóðhátíðarskap



FÓLK

Frá og með 15. júní mega 300 manns koma saman



FÓLK

Æsfrumandi helgi framundandi á Árbæjarsafni – Briet tekur nokkur lög!



FÓLK

Kjalaði inn minnsblöðum í morgun: „Við erum komin með gott hjarðónæmi“



FÓLK

Vinningshafinn er fjölskyldufaðir á fertugsaldri! Tæpum 1,3 milljarði ríkari!



FÓLK

Erna Hrund og Eva Ruza fara yfir fyrsta þáttinn af Bachelorette



FÓLK

Hatrið sigraði – A Song Called Hate best í Osló



FÓLK

Heppinn miðaeigandi á Íslandi hlaut rúmar 1270 milljónir!

Instagram

„Ég frétti að myndin sem ég póstaði hefði aldeilis sjokkerað vinkonur vinkvenna mínna“

Vilhelm Neto túlkar fund mannanafnanefndar: „Djöfullur þoli ég ekki Friðrik Dór“

Instagram prófar að gefa fólk möguleika á því að sýna fram á að efni sé keypt

Þetta eru BESTU víral myndbönd síðasta áratugs!



Auglýsing

Vinsælast þessa stundina

- Uppáhalds sósan fyrir pastaréttinn
- Vinningshafinn er fjölskyldufaðir á fertugsaldri! Tæpum 1,3 milljarði ríkari!
- Patti, Binni Glee og Bassi Maraj koma okkur í Þjóðhátíðarskap
- Viðar vill að Heilbrigðiseftirlitið LOKI Hagaskóla - „Þetta er langt yfir heilsvendarmörkum“
- Farþegar SPRUNGU úr hlátri út af flugþjónum - Ætti að vinna sem uppistandari! - MYNDBAND

Auglýsing

Best lesið á Nútímanum

- Kettlingarnir í Keeping up with the Kardashians kynntir til sögunnar
- Emma festi hjálpartæki ástarlífsins á versta stað og endaði á spítala – sagan er aðeins fyrir fullorðna
- 12 skrítnar ástæður fyrir því þú nærð ekki góðum nætursvefni!
- HÁRSBREIDD FRÁ HANDTÖKU - ENDA BULLANDI SEKUR UM AÐ REYNA AÐ HAFNA GAMAN!
- Eldgamalt FLENSURÁÐ sem svinvirkar - Ert þú búin/-n að prófa þetta?

Auglýsing

Ummmmm...



Uppáhalds sósan fyrir pastaréttinn

Nútíminn 11. júní, 2021 - 10:59



Ostakaka með snickers og karamellusósu

Aldis Óladóttir - 10. júní, 2021 - 21:02

Auglýsing

Njótið sumarsins



gæludýr.is

Fiskislóð • Bildshöfði • Smáratorg • Helluhraun • Baldursnes
www.gaeludyr.is